

Setbergsskóli - veturinn 2023-2024

Nám í 10. bekk

Námsefni í 10. bekk er skipt í tvo flokka: KJARNA og VAL.

KJARNI

Kjarninn er skyldunámsefni allra nemenda í 10. bekk. Í honum eru eftirtaldar námsgreinar með tilgreindum kennslustundafjölda:

Íslenska.....	6 kennslustundir á viku.
Stærðfræði.....	6 kennslustundir á viku.
Enska.....	4 kennslustundir á viku.
Danska.....	4 kennslustundir á viku.
List- og verkgreinar	1 kennslustund á viku.
Íþróttir.....	2 kennslustundir á viku.
Sund	1 kennslustund á viku.
Samfélagsfræði.....	4 kennslustundir á viku.
Lífsleikni.....	1 kennslustund á viku.
Náttúrufræði.....	3 kennslustundir á viku.
Kjarni samtals.....	32 kennslustundir á viku.
Bundið val - kynjafræði.....	1 Kennslustund á viku.
Valgreinar.....	4 kennslustundir á viku.
Alls.....	37 kennslustundir á viku.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011 er miðað við að tímafjöldi nemenda sé allt að 37 stundir á viku. Athugið að val er bindandi fyrir komandi skólaár og því er mikilvægt að vanda valið.



Mikilvæg atriði sem hafa ber í huga

- Valgreinar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og kjarnagreinar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni. Til þess að hægt sé að halda uppi kennslu í valgrein í frjálsu vali þarf tiltekinn lágmarksfjöldi að velja hana. Þess vegna verða nemendur að velja **6 valgreinar**. Þær koma þá til álita ef aðrar valgreinar sem nemandinn hefur valið falla niður sökum fámennis eða að ekki fæst kennari í greinina.

Annað val (val utan skóla)

Samkvæmt grunnskólalögum er þátttaka í félagslífi, íþróttum, tónlistarnámi eða skipulögðu sjálfboðastarfi metin sem nám í valgreinum á unglingsstigi. Nemendur merkja við "Annað val" sem hefur forgang á umsóknarslóðinni og skrifa útskýringar með. Í haust skila nemendur inn staðfestingu á ákveðnu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu skólans. Nemandi getur að hámarki fengið 4 valtíma skólaársins metna sem annað val.

Árbók (40 mín eða ein kennslustund)

Þessi valgrein er einungis fyrir nemendur í 10. bekk. Nemendur safna upplýsingum um skólagöngu samnemenda sinna og setja upp í fallega árbók sem nemendur í 10. bekk fá afhenta við útskrift.

Markmið

- Að búa til árbók 10. bekkjar
- Að safna saman textum/upplýsingum frá samnemendum sínum og setja skipulega upp
- Að skipuleggja myndatöku fyrir árbókina
- Að safna myndum og upplýsingum í bókina
- Að gefa út árbók 10. bekkjar
- Að skilja og skipuleggja ferlið frá hugmynd til útgáfu.

Námsmat: Mæting, frumkvæði og virkni.

Enski boltinn (40 mín eða ein kennslustund á viku)

Nemendur hittast og fjalla um enska boltann. Nemendur vinna að þremur stórum verkefnum:

- Lesa bók eftir fyrrum leikmann eða þjálfara í ensku deildinni og útbúa fyrirlestur fyrir hópinn.
- Hlaðvarp um fótbolta.
- Greina leik liða

Gert er ráð fyrir því að nemendur búi til sitt draumalið og safni stigum í samræmi við árangur í ensku úrvalsdeildinni. Í lok áfangans yrði uppskeruhátið með viðurkenningum.

Markmið:

- Ýta undir áhuga á enska boltanum og knattspyrnu almennt
- Að nemendur kynnist sögu og menningu enska boltans
- Fræðast um enska boltann, þjálfara og leikmenn
- Þjálfun í leikgreiningu
- Geta útfært draumadeild
- Kynna fyrir nemendum mismunandi leiðir til þess að fylgjast með enska boltanum

Námsmat: Mæting og verkefni.

Félagsstörf og atburðastjórnun (40 mín eða ein kennslustund)

Valið er ætlað þeim nemendum sem kosnir verða í nemendaráð og ýmsar nefndir innan skólans. Þeir aðstoða við að skipuleggja og halda stóra og smáa viðburði í skólanum.

Markmið

- Að fá þjálfun í að halda utan um og stjórna félagsstarfi.
- Að þjálfast í að halda fundi og að stjórna atburðum og félagsstarfi.
- Að fá tækifæri til þess að láta hugmyndir sínar um félagsstörf verða að veruleika.

Námsmat: Byggir á virkni og vinnusemi.

Heimanám (40 mín eða ein kennslustund)

Nemendum stendur til boða stuðningur og aðhald við námið. Lögð er áhersla á að nemendur læri að skipuleggja vinnu sína og að setja sér markmið. Ein kennslustund á viku.

Markmið

- Að fá aðstoð við heimanám.
- Að læra að bera ábyrgð á eigin námi.
- Að fá aðstoð við að skipuleggja nám sitt.

Námsmat

Umsögn um virkni og vinnusemi í tímum.

Leiklist (80 mín eða tvær kennslustundir á viku)

Viltu efla sjálfstraust, virkni, framkomu og taka þátt í frábæru verkefni?

Í þessum stórskemmtilega áfanga fá nemendur tækifæri á að kynnst sjálfum sér og efla frumkvæði og sköpunarkraft sinn. Nemendur fá t.d. að kynnst því hvernig lítil hugmynd getur orðið að handriti og/eða hugsanlega stuttmynd. Unnið verður í gegn um spuna, leikhússport og fjölbreyttar leiklistaræfingar. Einnig förum við í vettvangsheimsóknir til að styrkja hugmyndir, vinnum dagbók og sköpum persónur út frá eigin upplifun. Notast er við fjölbreyttar aðferðir leiklistarinnar til að skapa, túlka og framkvæma þær hugmyndir sem koma hjá nemendum í tímum. Nemendur læra að velja milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu.

Markmið

- Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tæki til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
- Valið milli forma og stíls í eigið sköpun og rökstutt val sitt.
- Skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist.
- Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
- Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- Valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu.
- Skrifað handrit í samvinnu að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla.

Námsmat: Nemendur eru metnir út frá samvinnu, frumkvæði, þátttöku í tíma, og vinnubók.

Myndmennt (80 mín eða tvær kennslustundir á viku)

Frjálstlegt val þar sem unnið verður út frá áhugasviði nemenda. Valið verður og þrískipt og er tekist á við hugtökin tími, rými og flötur. (þ.e. vídeó, skúlptúrar í rými og málverkið/ljósmyndir). Farið verður í amk eina safnheimsókn.

Markmið

- Að nemendur þjálfist í að vinna út frá eigin hugmyndum og áhugasviði.
- Að nemendur þekki og geti nýtt sér grunnþætti myndlistar.
- Að nemendur geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einir og í samvinnu.

Námsmat: Leiðsagnarmat og sjálfsmat.

Skák (40 mín eða ein kennslustund á viku)

Í skákvali hafa nemendur tækifæri til þess að styrkja sinn eigin leik í skákinni ásamt því að öðlast þekkingu um leikinn og jafnvel um fræga skákmeistara og kenningar í skákinni t.d. algengar opnanir og hvernig væri gott að verjast þeim.. Áherslan í valinu verður að nemendur fái tækifæri til að tefla og æfa sig en nemendur í valinu hafa forgang í skáklið skólans sem keppir gegn öðrum skólum. Stefnt er að því að bjóða öðrum skólum í heimsókn í styttri mót og einnig að halda skákmót fyrir Setbergsskóla. Nemendur úr þessum valáfanga munu mynda 6 manna keppnislið sem tekur þátt í Grunnskólamóti Hafnarfjarðar í skák.

Námsmat: Mæting og virkni í tíma.

Skóli - stuðningur við yngri nemendur (80 mín eða tvær kennslustundir á viku)

Nemendur hjálpa til með því að skipuleggja leiki og aðstoða yngri nemendur í skólastarfinu.

Markmið:

- Að efla ábyrgðartilfinningu og styrkja félagshæfni nemenda.

Námsmat: Mæting og virkni

Skóli lífsins með FATLEYJU (40 mín eða ein kennslustund)

Skipulagsdagbók (BuJo) & framtíðarfærni. Nemendur læra að nota skipulagsdagbók. Nemendur læra að nýta sér verkfæri úr jákvæðri sálfræði í dagbók sinni, ásamt því að læra að halda utan um og skipuleggja tímann sinn. Lagt er áherslu á sköpun og eru ólíkar leiðir til að setja upp dagbókina til að koma á mótis við þarfir hvers og eins. Nemendur fá einnig fræðslu um ýmis verkefni framtíðarinnar, m.a. hvernig á að gera atvinnuumsókn, ferilskrá og hvernig á að skrifa tölvupósta. En fremur verður fjármálalæsi kynnt fyrir nemendur, hvernig bókhald virkar, hvaða upplýsingar er að finna á launaseðlum, vextir, skattar og lán og ýmislegt fleira sem er gott að kunna.

Markmið:

- Að læra að bera ábyrgð á eigin námi.
- Að læra að skipuleggja sig og forgangsraða verkefnum sínum.
- Að auka sjálfstæði og efla sjálfsmynd nemenda.
- Að auka færni og skilning á verkefnum framtíðarinnar.

Námsmat: Námsmat byggir á mætingu, virkni og vinnusemi. Eftir skólaárið eiga nemendur að hafa unnið í sinni skipulagsdagbók, gert fjárhagsáætlun, unnið faglega ferilskrá og geti sýnt þær afurðir.

Smáréttir og bakstur (80 mín eða tvær kennslustundir á viku)

Í þessu vali verða búnir til fjölbreyttir réttir, bæði þjóðlegir og nýstárlegri, sem henta þegar haldnar eru litlar veislur eða kaffiboð. Farið verður í helstu baksturaðferðir; þeytt deig, hnoðað deig og hrært deig. Nemendur kynnast fjölbreyttu hráefni og læra að meðhöndla og vinna með þau frá grunni. Nemendur læra að bera fram (leggja á borð) og ganga frá eftir borðhald. Lögð verður áhersla á samvinnu, jákvæðni, tillitsemi, sjálfstæð vinnubrögð og frágang á vinnuaðstöðu. Nemendur búa sér til rafræna vinnubók þar sem þeir halda meðal annars utan um allar uppskriftir.

Markmið:

- Að kynnast fjölbreyttum smáréttum sem henta á veisluborð.
- Að læra mismunandi bakstursaðferðir.
- Að þjálfast í notkun uppskrifta.
- Að leggja á borð, bera fram og ganga frá vinnusvæði.

Námsmat: Frammistaða og vinnusemi í tímum þar sem áhersla er lögð á vandvirkni, samvinnu, frumkvæði, tillitssemi og vinnubók.

Stíll (80 mín eða tvær kennslustundir á viku)

Unnið verður í samvinnu við félagsmiðstöðina Setrið þar sem nemendur vinna meðal annars að hugmyndamöppunni og hanna og sauma flíkina í textílmenn. Tveir til fjórir nemendur vinna saman í hóp þar með talið módelið.

Markmið áfangans er að nemendur læri að:

- læri að hanna og útfæra hugmynd.
- taka upp snið, breyta og útfæra í samræmi við hugmynd.
- leggja snið á efni, sníða og sauma flík
- koma hugmyndum sínum á blað og vinni í hugmyndamöppu
- frumkvæði, sköpun og sjálfstæði vinnusemi, áhugi og vandvirkni

Námsmat: Mæting, áhugi, virkni og vinnusemi.

Útskurður og tálgun (80 mín eða tvær kennslustundir á viku)

Í þessum áfanga fá nemendur að kynnast tréútskurði og tálgun. Nemendur læra helstu vinnubrögð, aðferðir og hugtök tengd tréútskurði og tálgun. Nemendur teikna eða velja mynd, færa hana yfir á valinn við og skera út.

Dæmi um verkefni: Hitaplatti, frjáls mynd, ípróttamerki, sveppur, skál eða fugl.

Markmið:

- Að nemendur geti valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- Að nemendur geti útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu.

- Að nemendur geti hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Að nemendur geti beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.
- Að nemendur geti sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Námsmat: Virkni og vinnusemi í tímum.

Útivist (80 mín eða 2 kennslustundir á viku)

Áfanginn byggðist á ýmsum ferðum löngum og stuttum. Má þar nefna göngu- og hjólaferðir, sund, skíði, skauta, golf, frisbee, siglingu og fleira. Klæðnaður og útbúnaður miðast við veður og viðfangsefni hverju sinni. Leitast er við að nemendur njóti þess að vera úti, kynnist nýjum leiðum til útivistar, reyni á sig og búi sig vel.

Markmið

- Að auka útivist og hreyfingu.
- Að kynnast umhverfi skólans, bæjarins og nálægra bæja.
- Að njóta náttúru og umgangast hana af virðingu.

Námsmat: Virkni, viðhorf og ástundun.

Fjarnám

Nemendur sem þess óska geta stundað nám í framhaldsskólaáföngum sem ekki er hluti af skyldunámi í grunnskóla t.d. frönsku eða spænsku. Þeir áfangar geta verið hluti af vali nemenda. **Nemendur sinna náminu fyrir utan kennslustundir í grunnskóla og kostnaður greiðist af forráðamönnum eins og hvert annað fjarnám í framhaldsskóla.**

Bæjarbrúin

Gert er ráð fyrir því að nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar hafi möguleika að stunda nám í framhaldsskóla meðan þeir eru í grunnskóla.

Nemandi sem lokið hefur hæfni á 1. þrepi framhaldsskólanáms (námslok 10. bekkjar) í grunnskóla getur sótt framhaldsskólaáfanga á 2. þrepi meðan hann er enn í grunnskóla.

Flensborgarskólinn býður nemendum í grunnskólum Hafnarfjarðar upp á sérstaka sérhannaða áfanga sé þátttaka nægileg, frá 2. þrepi framhaldsskólanáms í **skyldunámsgreinum grunnskólans** með vissum staðbundnum tímum í framhaldsskólanum.

Þeir nemendur sem hafa getu til og óska eftir að taka framhaldsskólaáfanga þurfa ekki að nema í viðkomandi námsgrein/-sviði í grunnskóla á sama tíma. Áfangarnir eru þá hluti skyldunáms og skilgreinast því ekki sem valáfangar. **Setbergsskóli mun leggja mat á námshæfni hvers nemanda og gefa samþykki fyrir viðkomandi námi.**

Þegar kennslustundir eru í grunnskóla í sömu námsgreinum og nemendur sækja framhaldsskólaáfanga skulu þeir hafa aðstöðu í grunnskóla (t.d. kennslustofa, skólasafn, tölvuver) til að sinna því námi í grunnskólanum á **eigin ábyrgð.**

Verk- og listgreinaval Tækniskólans 2022-2023 fyrir grunnskóla

Heiti	Verk- og listgreinaval Tækniskólans (VKG) fyrir 10. bekk			
Lengd	18 vikur (3 x 6 vikur), 54 kennslustundir og skýrsla/kynning í grunnskóla)			
Markmið og viðfangsefni	<p><i>Markmið:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Að efla tengsl grunnskóla og framhaldsskóla. • Að kynna nemendum uppbyggingu iðnnáms og listnáms. • Að kynnast möguleikum framhaldsmenntunar að námi loknu. • Að auðvelda grunnskólanemendum námsval í framhaldsskóla • Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein • Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms. • Öryggisatriði við vinnu á verkstæðum. <p><i>Viðfangsefnin:</i></p> <p>Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hönnun og nýsköpun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 2. Tréið (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 3. Pípulagnir (Hafnarfirði) 4. Málaraiðn (Skólavörðuholti) 5. Múraraiðn (Skeljanes) 6. Rafiðn (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 7. Málmiðn (Hafnarfirði) 8. Sjómennska (Háteigsvegi) 9. Forritun og vefsmíði (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 10. Ljósmyndun og myndvinnsla (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 11. Hársnyrting (Skólavörðuholti) 12. Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholti) <p>Nánari lýsing valgreina fylgir sérstaklega (sjá bakhlið). Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á viku (3 x 40 mín.). Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu. Þegar vali er lokið skulu nemendur (einir eða fáeinir saman) gera skýrslu/kynningu um valið sem er stýrt af hverjum grunnskóla fyrir sig og lagt fram í viðkomandi skóla.</p>			
Markhópur	10. bekkingar í grunnskólunum sem vilja kynnast vinnulagi og aðferðum í verk- og listnámi og undirbúa sig fyrir framhaldsnám.			
Tími	Fimmtudagar kl. 15:20-17:20. Þrjár samliggjandi tímar á viku í 6 vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum):			
	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
	sept. -okt. '22	okt.- nóv. '22	jan. – feb. '23	mar. – apr. '23
Kennslustaður	Tækniskólinn Hafnarfirði, Skólavörðuholti og Háteigsvegi.			
Kennari/-ar	Kennarar í Tækniskólanum á viðkomandi kennslusviðum.			

Tímasetning:

Kennt verður á fimmtudögum frá kl. 15:20 – 17:20.

Staðsetning:

Staðsetningar taka mið af starfsemi skólans. Ekki er hægt að bjóða upp á öll fagsvið á báðum stöðum. Við viljum samt bjóða þeim nemendum sem hafa áhuga á tilteknu fagsviði að koma sér sjálfum á milli staða. Dæmi: ef nemandi í skóla í Hafnarfirði vill kynna sér skipstjórn þá getur hann valið það fagsvið en þarf sjálfur að koma sér á Háteigsveg.

Móttaka nemenda fyrir hverja lotu er eftirfarandi:

Hafnarfjörður: Matsalur nemenda á annari hæð að Flatahrauni

Skólavörðuholt: Matsalur nemenda á þriðju hæð (einni hæð fyrir ofan skrifstofu).

Háteigsvegur: Anddyri skólans

Starfsmenn skólans og kennarar taka á móti nemendum við upphaf hverrar lotu og leiða hópinn í stofur.

Athugið að skrifstofur skólans loka kl. 15:00 og því mikilvægt að upplýsa nemendur um það hvert þeir eiga að mæta.

Annað:

Val nemenda þarf að fara fram í júní 2023 (í síðasta lagi) svo Tækniskólinn geti skipulagt námið í tíma. Kostnaður (kennslukostnaður og efniskostnaður) af valinu dreifist jafnt á alla nemendur sem taka þátt í valinu og sendist á skólana í samræmi við nemendafjölda frá hverjum skóla. Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað.

Nánari kynning á uppbyggingu einstakra viðfangsefna innan valgreinarinnar

1. Hönnun og nýsköpun

- Hönnun, nýsköpun og verkleg þjálfun í formum og vinna með efni af ýmsum toga.

2. Tréið

- Nemendur vinna að verkefnum í samráði við kennari hvort sem er eftir eigin hugmynd eða teikningum sem eru til í skólanum.
- Nemendur kynnst vélum og verkfærum sem notuð eru á smíðaverkstæðum.

3. Pípulagnir

- *Plastsuða*: Nemendur fá grunnkynningu á plastefnum, ásamt að sjóða saman ýmis verkefni, t.d. snjóbræðslukistur, sandföng o.fl.
- *Hita og vatnslagnir*: Nemendur fá kynningu á hita og vatnslögnum ásamt að leggja hita og vatnslagnir með nokkrum tegundum af efni.
- *Stýribúnaður*: Nemendur fá kynningu á ýmsum gerðum af stýribúnaði sem notaður er við hitalagnir.

4. Málaraiðn

- Nemendur kynnst spörtlun og skreytimálun.

5. Múrariðn

- Nemendur kynnst fjölbreyttum viðfangsefnum iðngreinarinnar.

6. Rafiðn – Tölvu- og netkerfi

- Nemendur kynnst grunnatriðum í rafeindatækni og fá að taka sundur tölvur og setja saman aftur.
- Kenndar eru lóðningar og ýmsir hlutar íhluta í rafrásam.
- Einnig verður kynning á rökrásam, tvítölukerfinu og hermiforritum.

7. Málmíðn

- Skoðuð er aðstaða skólans í málmsmíði og véltækni, nemendur fá að kynnst helstu verkfærum til málsmíða og málmsuðu og fá að smíða litla hluti úr málm.

8. Sjómennska

- Nemendur kynnst aðstöðu skólans skoða upp í turn á Sjómannaskólahúsinu, sjá radar og gps.
- Fá að bæta net, binda hnúta og prófa að sigla stórum skipum um öll heimsins höf í risastórum skipstjórnarhermi.

9. Upplýsingatækni – Forritun og vefsmíði

- Nemendur læra undirstöðuatriði forritunar og búa til einfalda vefsíðu.

10. Upplýsingatækni – Ljósmyndun og myndvinnsla

- Nemendur læra að beita myndavél með því að taka myndir við margvíslegar aðstæður og farið verður í grunnatriði í stafrænni myndvinnslu.

11. Hársnyrting

- Nemendur skoða hár og fræðast um hár og hárúmhirðu.
- Fléttaður verður saman fróðleikur og verklegar æfingar, farið í heimsóknir og möguleikar hársnyrtifagsins skoðaðir.

12. Föt og fylgihlutir

- Nemendur fá að kynnst námi og aðstöðu á fataiðnbraut, vinna verkefni úr ýmsum efnum og sjá hvernig hugmynd verður að flík.

Nemendavalblað fyrir verk- og listgreinaval Tækniskólans

Heiti: Verk- og listgreinaval Tækniskólans 2023-2024 fyrir 10. bekk

Kennslustaður: Tækniskólinn Hafnarfirði, Skólavörðuholti og Háteigsvegi.

Kennarar: Kennarar við Tækniskólann.

Lengd: 18 vikur (3 x 6 vikur), 54 kennslustundir

Tími: Fimmtudagar kl. 15.20-17.20. Þrjár samliggjandi tímar á viku í 18 vikur sem dreifast yfir allt skólaárið, þrjú tímabil af fjórum og ekki endilega samfelld.

1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
sept. -okt. '22	okt.- nóv. '22	jan. – feb. '23	mar. – apr. '23

Ferðir: Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað líkt og um hverja aðra valgrein utan grunnskóla og á eigin kostnað.

Nafn _____ kt. _____
Skóli _____

Hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi verkþáttum valsins:

- (1) hönnun og nýsköpun,
- (2) tréið,
- (3) pípulagnir,
- (4) málaraíð, (
- 5) múraraíð,
- (6) rafið,
- (7) málmíð,
- (8) sjómennska,
- (9) Forritun og vefsmíði,
- (10) Ljósmyndun og myndvinnsla,
- (11) Hársnyrting,
- (12) föt og fylgihlutir.

Mitt val er (skrifið á línurnar), röð skiptir ekki máli:

Til viðbótar námi í einstökum viðfangsefnum er möguleiki á heimsóknum í fyrirtæki sem tengjast viðfangsefnum einstakra þátta í náminu.

Hafnarfirði _____. maí 2023

Undirskrift nemanda

Undirskrift forráðamanns

Undirskrift forráðamanns